

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Varðandi: Alþingi

1604062

Dags.: 25.04.2016

Málefni: Beiðni um umsögn: Samgönguáætlun 2015-2018, tillaga til þingsályktunar

Afrit: Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál.

Grindavíkurbær hefur um árabil lagt megináherslu á að endurgerð þils við Miðgarð í Grindavíkurhöfn verði í forgangi samgönguáætlunar. Það er því mikil fagnaðarefnin að sú framkvæmd sé á fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018. Með því hafa samgöngufirvöld viðurkennt mikilvægi þess að verkefnið verði unnið hratt og vel. Hinsvegar er ljóst að Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis byggir á úreldum upplýsingum við sína tillögugerað. Siglingasvið Vegagerðarinnar gaf út minnisblað 26. febrúar 2016 um endurskoðaða hönnun mannvirkisins. Þar er gert ráð fyrir að skipt verði um þil á 225 metra kafla, en ekki 180 metrum eins í tillögu að samgönguáætlun. Í minnisblaði siglingasviðs Vegagerðarinnar er áætlað að heildarkostnaður við verkið á árunum 2016-2017 sé 786 milljónir m/vsk. Þar af sé kostnaður ríkisins 424 milljónir án/vsk, en Grindavíkurhafnar 209 milljónir án/vsk.

Í tillögu að samgönguáætlun er lagt til að 87,6 milljónum kr. verði varið til verkefnisins árið 2018, til viðbótar við þær 170 sem þegar hafa verið áætlaðar 2016 og 2017. Það vantar því 166 milljónir á hlut ríkisins til að geta lokið verkefninu. Grindavíkurbær fer fram á að umhverfis- og samgöngunefnd bæti þeim fjármunum inn á tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2015-2018, í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar. Það er 136 milljónir 2017 og 30 milljónir 2018. Grindavíkurhöfn hefur þegar áætlað fyrir og fjármagnað sinn hlut af framkvæmdunum í fjárhagsáætlun 2016-2019.

Í minnisblaði siglingasviðs Vegagerðarinnar er lagt til að dýpkun við nýjan Miðgarð fari fram eftir 2018, en kostnaður við þá framkvæmd er áætlaður 564 milljónir m/vsk. Hlutur ríkisins er áætlaður 274 milljónir án/vsk og Grindavíkurhafnar 182 milljónir án/vsk. Grindavíkurbær telur eðlilegt að fyrsti áfangi dýpkunarinnar verði settur á samgönguáætlun 2015-2018. Grindavíkurhöfn hefur þegar áætlað fyrir og fjármagnað sinn hlut af dýpkunarframkvæmdum í fjárhagsáætlun 2016-2019.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir 9,7 milljónum kr. í sjóvarnir við Arfadalsvík. Um leið og Grindavíkurbær fagnar þeirri tillögu er lögð áhersla á að áfram verð iunnið að sjóvörnum eins og þeim er lýst í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

- Við Stekkjanef
- Stað
- Gerðavelli
- Fornuvör
- Þórkötlustaðir Austur
- Þórkötlustaðanes – við Bryggju
- Ísólfsskála

Hér að neðan er gert grein fyrir öðrum helstu áherslum Grindavíkurbæjar í samgönguáætlun.

Suðurstrandarvegur

- Lokaáfangi Suðurstrandarvegar frá Hrauni að Grindavíkurvegi verði kláraður.

Grindavíkurvegur

- Að sett verði upp lýsing á gatnamót Grindavíkurvegar og Norðurljósavegar, sem liggur að Bláa Lóninu.
- Grindavíkurvegur verði breikkaður, en vegurinn er orðinn mjög sprunginn og illa farinn vegna aukinnar umferðar þungra bíla, ekki síst fólksflutningabíla.
 - Um Grindavíkurveg fara rúm ein milljón ferðamanna á ári hverju á leið í Bláa Lónið.
- Grindavíkurvegur verði endurbyggður á þeim hluta sem liggur um vatnsverndarsvæði Suðurnesja. Akstursleiðir verði aðskildar.
- Að Vegagerðinni verði áfram heimilt að styrkja framkvæmdir við göngu- og hjóreiðastíg við Grindavíkurveg.

Nesvegur

- Nesvegur frá Grindavík að Reykjanesvita verði endurhannaður með tilliti til aukinna þungaflutninga. Um hann fara miklir þungaflutningar í kjölfar atvinnuuppbryggingar á Reykjanesi og vegurinn er hlykkjóttur og mishæðóttur.

Ferðamannavegir

- Að sett verði bundið slitlag á veginn frá Reykjanesvirkjun að Reykjanesvita.
Ánægjulegt að þessu verki verður lokið í sumar.
- Að áfram verði unnið að lagningu bundins slitlags á Krýsuvíkurveg.

Þjónusta

- Að framlög til vetrarþjónustu á þjóðvegum verði aukin. Vetrarþjónusta á Grindavíkurvegi hefur batnað, en enn er svigrúm til að gera betur. Fjölgag þarf þjónustudögum á Nesvegi, Suðurstrandarvegi og Krýsuvíkurvegi í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar um aukna umferð.

Grindavíkurbær óskar eftir því að fá fund með umhverfis- og samgöngunefnd til að skýra tillögurnar betur og getur lagt fram frekari rökstuðning sé þess óskað.

Virðingarfyllst.,
Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri